

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 10. desember 2025:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðgerð ljósastaura á göngustígum í Elliðaárdal og nágrenni

Lagt er til að ráðist verði í peruskipti/viðgerð ljósastaura á göngustígum í Elliðaárdal, Víðidal, Árbæ, Ártúnsholti og Seláshverfi.

- Á Árbæjarstíflu logar ljós á einum lampa en fjórtán eru óvirkir. Að auki eru flestir ljósastaurar óvirkir á kafla á syðri bakkanum, frá stíflunni vestur að Höfðabakkabrá.
- Ljósastaurar eru óvirkir á kafla á göngustíg fyrir neðan Laxakvísl í Ártúnsholti. Þá eru götulampar óvirkir á kaflanum milli Höfðabakkabráar og Bæjarháls, n.t.t. við biðstöðvar strætisvagna sem þar eru.
- Fjöldi ljósastaura er óvirkur á gönguleið austan Vatnsveitubráarinnar, fyrir neðan Klapparás, Sauðás og Vesturás.
- Um tuttugu ljósastaurar eru óvirkir við brýrnar yfir Dimmu uppi undir Breiðholtsbraut og á gönguleiðum frá þeim til vesturs.